

Nd. 90. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Skúli Alexandersson, Alexander Stefánsson,
Jósef H. Þorgeirsson.

1. gr.

Upphaf 4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes, 2. Rifshöfn, 3. Ólafsvík, 4. Grundarfjörður, 5. Stykkishólmur, 6. Patreksfjörður o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 100. löggjafarþingi var mál þetta flutt af fyrsta flm. þessa frv. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1969 voru sett ný lög um tollheimtu og tolleftirlit. Leystu þau af hólmi lög nr. 68 frá 1956 um sama efni. Í 7. gr. laganna eru taldar upp 13 aðaltollhafnir og 20 tollhafnir á landinu öllu. Áður voru aðaltollhafnir ekki taldar upp í lögum. Þær voru ákveðnar og taldar upp í reglugerð, sjá 26. gr. reglugerðar um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 41 frá 13. mars 1957, og hétu þá tollafgreiðsluhafnir. Tollhafnir, aðrar en aðaltollhafnir, höfðu hvorki verið taldar upp í lögum né reglugerð áður.

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram.

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Þéttbýli það, sem nú nefnist Grundarfjörður, hefur ekki enn náð fertugsaldri. Uppbygging kaupsins hófst þegar Hraðfrystihús Grundarfjarðar var byggt árið 1941. Síðan hefur byggðin vaxið jafnt og þétt. Nú eru um 700 manns búsettir í kaups-túninu. Höfuðatvinnugreinar eru útgerð og fiskvinnsla. Hinn 22. janúar 1977 var ný og glæsileg höfn tekin í notkun í Grundarfirði.

Frumvarp það, sem hér er á ferðinni, breytir gildandi lögum einungis að því leyti, að Grundarfjörður verður tekinn í tölu tollhafna. Verða þær þá alls 21 á öllu landinu. Frumvarpið er flutt að ósk heimamanna.“

Við 1. umræðu málsins komst flutningsmaður svo að orði m. a.:

„Frv. fjallar, eins og ég hef sagt, um tollhöfn í Grundarfirði. En að athuguðu máli þykir mér þó rétt og raunar skylt og sjálfsagt að benda hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, á að bæta landshöfninni í Rífi í tölu tollhafna auk Grundarfjarðar-hafnar, svo fulls samræmis sé gætt. Lögin um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi eru nr. 38 frá 14. mars 1951. Þar eru hafnarskilyrði mjög góð frá náttúrunnar hendi. Höfnin hefur byggst upp á undanförunum árum og er nú orðin allgóð, þó að enn þurfi um að bæta.

Eðlilegt er að höfnunum fjórum á norðanverðu Snæfellsnesi sé gert nokkuð jafnhátt undir höfði að því er tekur til þeirra mála, er hér um ræðir, og þær sitji nokkurn veginn allar við sama borð að þessu leyti. Sennilega hefur höfundum laganna frá 1969 þótt ofrausn að hafa fjórar tollhafnir á þessu svæði. Þeir hafa máskæli talið auðveldara og einfaldara að láta tvær hafnir nægja. Skal þetta því rætt nokkru nánar.

Undanfarin mörg ár hefur enginn tollþjónn verið á Snæfellsnesi. Á hinn bóginn hafa lögreglumenn starfað í öllum kaupsins á norðanverðu nesinu. Hafa þeir annast tollgæslu jafnframt undir umsjón viðkomandi yfirvalda og haft nána samvinnu sín á milli í þeim málum sem og öðrum störfum. Hefur þetta fyrirkomulag þótt vel gefast. Í Rífi er og hefur verið búsettur hreppstjóri sem jafnframt hefur átt sæti í stjórn Rífishafnar og er öllum málum á staðnum mjög vel kunnugur.

Auðvitað má á það benda, að í lögum um tollheimtu og tolleftrilít sé að finna heimildir sem nota megja, svo sem gert hefur verið, til að veita undanþágu við framkvæmd laganna án þess að þeim sé breytt að þessu leyti. En hver sem rennir augum yfir upptalninguna í lögum og les um þær 13 aðaltollhafnir, sem þar greinir, auk 20 tollhafna, hlýtur að sjá í hendi sér að hinar góðu hafnir í Grundarfirði og Rífi eiga þar heima.“